

LÖG

um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og þinglýsingalögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Rekstraraðili getur fengið allt að fjögur stuðningslán.

2. gr.

Á undan tilvísuninni „10. gr.“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: 1. mgr.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó má nýta stuðningslán til að borga af eða endurfjármagna lán sem rekstraraðili hefur fengið eftir lok febrúar 2020 til að standa straum af rekstrarkostnaði.

II. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „á skipulegan markað“ í 2. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: í verðbréfa-
miðstöð.

III. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. september 2020“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögum
kemur: 1. janúar 2021.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. júlí 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.